

Breyting vegna embættis ritara – Tillaga frá stjórn

Lagt er til að í forystu Viðreisnar verði bætt við embætti ritara. Með því yrði forysta flokksins breikkuð og verkaskipting innan stjórnar gerð skýrari. Varaformaður og ritari skipta með sér ábyrgð á innra starfi á þann hátt að varaformaður ber ábyrgð á málefnavarfi en ritari ber ábyrgð á samskiptum við undirfélög, uppbyggingu þeirra og fjölgun félagsfólks. Stjórnarmönnum myndi ekki fjölga þar sem meðstjórnendur yrðu einum færri. Þá er lagt til að formaður, varaformaður og ritari geti ekki öll verið af sama kyni. Fyrst yrði kosið um formann, þá um varaformann og að lokum um ritara. Framboðsfrestur í öllum embætti rynni út klukkustund fyrir kosningu.

<u>Samþykktir 28. ágúst 2021:</u>	<u>Breyting vegna ritara:</u>
4.4.6. Kosning fimm meðstjórnenda og tveggja varamanna.	4.4.6. Kosning ritara
	4.4.7. Kosning fjögurra meðstjórnenda og tveggja varamanna
4.8. Framboðsfrestur til formanns Viðreisnar, stjórnar Viðreisnar, stjórnar málefnavefnda og fulltrúa í málefnavarði er til kl. 12:00, tveimur dögum fyrir upphaf landsþings. Framboðsfrestur í embætti varaformanns rennur út klukkustund eftir að tilkynnt er um úrslit í formannskjöri.	4.8. Framboðsfrestur til formanns Viðreisnar, varaformanns, ritara, stjórnar Viðreisnar, stjórnar málefnavefnda og fulltrúa í málefnavarði er þar til klukkustund áður en kosning hefst. er til kl. 12:00, tveimur dögum fyrir upphaf landsþings. Framboðsfrestur í embætti varaformanns rennur út klukkustund eftir að tilkynnt er um úrslit í formannskjöri.
4.9. Kosning til formanns, varaformanns, stjórnar og annarra embætta skal vera skrifleg og leynileg. Kjörstjórn ber ábyrgð á því að útbúa kjörgögn. Kjörstjórn ber ábyrgð á talningu atkvæða fyrir luktum dyrum.	4.9. Kosning til formanns, varaformanns, ritara, stjórnar og annarra embætta skal vera skrifleg og leynileg. Kjörstjórn ber ábyrgð á því að útbúa kjörgögn. Kjörstjórn ber ábyrgð á talningu atkvæða fyrir luktum dyrum.
5.1. Stjórn Viðreisnar skal skipuð formanni, varaformanni, fulltrúa úr stjórn Uppreisnar, fulltrúa úr stjórn málefnavarðs og fimm meðstjórnendum sem kjörnir eru á landsþingi. Tveir varamenn skulu einnig kosnir. Meðstjórnendur skulu ekki vera alþingismenn. Formaður og varaformaður skulu ekki vera af sama kyni. Meðstjórnendur skulu ekki vera fleiri en þrjú af sama kyni og varamenn skulu ekki vera af sama kyni. Fulltrúi úr stjórn málefnavarðs skal ekki vera af sama kyni og meirihluti meðstjórnenda.	5.1. Stjórn Viðreisnar skal skipuð formanni, varaformanni, ritara, fulltrúa úr stjórn Uppreisnar, fulltrúa úr stjórn málefnavarðs og fjórum meðstjórnendum sem kjörnir eru á landsþingi. Tveir varamenn skulu einnig kosnir. Meðstjórnendur skulu ekki vera alþingismenn. Formaður, varaformaður og ritari skulu ekki öll vera af sama kyni. Meðstjórnendur skulu ekki vera fleiri en þrjú af sama kyni og varamenn skulu ekki vera af sama kyni. Fulltrúi úr stjórn málefnavarðs skal ekki vera af sama kyni og meirihluti meðstjórnenda.
5.2. Stjórn fer með yfirstjórn flokksins í samræmi við samþykktir þessar og aðrar reglur flokksins. Hún ber ábyrgð á öllum innra starfi	5.2. Stjórn fer með yfirstjórn flokksins í samræmi við samþykktir þessar og aðrar reglur flokksins. Hún ber ábyrgð á öllum innra starfi

Samþykktir:
Breytingartillögur fyrir landsþing Viðreisnar 2023



flokksins, hefur eftirlits- og úrskurðarvald um ákvarðanir á vegum hans, hefur umráð yfir eignum og gætir þess að settum reglum sé fylgt. Varaformaður sinnir sérstaklega uppbyggingu flokks- og málefnnastarfs.

flokksins, hefur eftirlits- og úrskurðarvald um ákvarðanir á vegum hans, hefur umráð yfir eignum og gætir þess að settum reglum sé fylgt. Varaformaður sinnir sérstaklega uppbyggingu málefnnastarfs. **Ritari sinnir sérstaklega undirfélögum Viðreisnar og stækkun flokksins.**

Breyting á stjórn Viðreisnar – Tillaga frá stjórn sveitarstjórnarráðs

Stjórn sveitarstjórnarráðs leggur til breytingu á samþykktum Viðreisnar er varðar grein 5.1. um skipan stjórnar Viðreisnar. Breytingin felur í sér að í setningu á eftir *fulltrúa úr stjórn málefna*ráðs komi „fulltrúa úr stjórn sveitastjórnarráðs“ og að í stað *fimm meðstjórnendum* komi „fjórum meðstjórnendum“.

Markmið breytingarinnar er að efla og tryggja aðkomu sveitarstjórnarráðs í stefnumótandi umræðu flokksins og styrkja formlegt samtal og samráð við sveitastjórnarráð, þvert á stofnanir flokksins.

Stjórn sveitarstjórnarráðs telur brýnt að formfesta samtal og samráð með skýrum hætti enda aðkoma Viðreisnar að sveitarstjórnarmálum afar mikilvæg og því mikilvægt að efla samtal innan flokksins vegna mála er varða sveitarstjórnarstigið sérstaklega. Reglubundið samtal og virkt samráð er lykill að skýrri sýn og vitund um málefni sveitastjórnarstigsins. Skýr staða sveitastjórnarmála innan Viðreisnar er til þess fallin að styrkja stoðir sveitastjórnarstarfs flokksins inn á við jafnt sem út á við.

Breytingin er í anda samþykta Viðreisnar þar sem aðrar sambærilegar stofnanir eiga fulltrúa í stjórn Viðreisnar líkt og þingflokkur, ungliðahreyfing og málefna ráð.

<u>Samþykktir 28. ágúst 2021:</u>	<u>Breyting vegna stjórnar:</u>
4.4.6. Kosning fimm meðstjórnenda og tveggja varamanna.	4.4.6. Kosning fjögurra meðstjórnenda og tveggja varamanna.
	<i>(Tillaga B ef tillaga um ritara er samþykkt):</i> 4.4.7. Kosning þriggja meðstjórnenda og tveggja varamanna.
5.1. Stjórn Viðreisnar skal skipuð formanni, varaformanni, fulltrúa úr stjórn Uppreisnar, fulltrúa úr stjórn málefna ráðs og fimm meðstjórnendum sem kjörnir eru á landsþingi. Tveir varamenn skulu einnig kosnir. Meðstjórnendur skulu ekki vera alþingismenn. Formaður og varaformaður skulu ekki vera af sama kyni. Meðstjórnendur skulu ekki vera fleiri en þrjú af sama kyni og varamenn skulu ekki vera af sama kyni. Fulltrúi úr stjórn málefna ráðs skal ekki vera af sama kyni og meirihluti meðstjórnenda.	5.1. Stjórn Viðreisnar skal skipuð formanni, varaformanni, fulltrúa úr stjórn Uppreisnar, fulltrúa úr stjórn málefna ráðs, fulltrúa úr stjórn sveitarstjórnarráðs og fjórum meðstjórnendum sem kjörnir eru á landsþingi. Tveir varamenn skulu einnig kosnir. Meðstjórnendur skulu ekki vera alþingismenn. Formaður og varaformaður skulu ekki vera af sama kyni. Meðstjórnendur skulu ekki vera fleiri en þrjú af sama kyni og varamenn skulu ekki vera af sama kyni. Fulltrúi úr stjórn málefna ráðs skal ekki vera af sama kyni og meirihluti meðstjórnenda.
	<i>(Tillaga B ef tillaga um ritara er samþykkt):</i> 5.1. Stjórn Viðreisnar skal skipuð formanni, varaformanni, ritara, fulltrúa úr stjórn Uppreisnar, fulltrúa úr stjórn málefna ráðs , fulltrúa úr stjórn sveitarstjórnarráðs og þremur

	<p>meðstjórnendum sem kjörnir eru á landsþingi. Tveir varamenn skulu einnig kosnir. Meðstjórnendur skulu ekki vera alþingismenn. Formaður, varaformaður og ritari skulu ekki vera öll af sama kyni. Meðstjórnendur skulu ekki vera fleiri en þrír af sama kyni og varamenn skulu ekki vera af sama kyni. Fulltrúi úr stjórn málefna ráðs skal ekki vera af sama kyni og meirihluti meðstjórnenda.</p>
--	---

Breyting vegna prófkjörs – Tillaga frá stjórn

Lagt er til að prófkjör verði ráðandi aðferð við val á listum Viðreisnar fyrir kosningar. Landshlutfélög geta þó valið aðrar leiðir, sé það talið framboði Viðreisnar til Alþingis til heilla. Hið sama á við um undirfélög í sveitarfélögum vegna sveitarstjórnarkosninga. Landshlutfélög og undirfélög ákvarða sjálf hvaða sæti prófkjör þeirra skuli ná til. Einnig er lagt til að skýrt komi fram í samþykktum að jafnt kynjahlutfall skuli vera á listum Viðreisnar, þó með þeirri undantekningu að tveir einstaklingar af sama kyni geta verið hver á eftir öðrum í efstu fjórum sætum. Einnig eru lagðar til reglur um skipan uppstillingarnefnda, um trúnað nefndarmanna í uppstillingarnefnd og lögð til sú regla að nefndarmenn í uppstillingarnefnd geti ekki skipað eitt af átta efstu sætum lista. Þá er lögð til sú regla að starfsfólk flokksins, sem sækist eftir sæti í prófkjöri, skuli heyja prófkjörsbaráttu sína í launalausum leyfi. Með starfsfólki flokksins er átt við starfsfólk Viðreisnar, starfsfólk þingflokks Viðreisnar, aðstoðarmann formanns og aðstoðarmenn ráðherra. Ákvæðið nær ekki til kjörinna fulltrúa flokksins.

<u>Samþykktir 28. ágúst 2021:</u>	<u>Breyting vegna prófkjörs:</u>
7.1. Landshlutaráð annast framboðslista Viðreisnar til Alþingis.	
7.2. Ákvörðun um hvaða aðferð er beitt við skipan framboðslista er í höndum landshlutaráðs.	7.2. Ákvörðun um hvaða aðferð er beitt við skipan framboðslista er í höndum landshlutaráðs. Stefnt skal að prófkjöri um val á efstu sætum framboðslista, nema landshlutaráð ákveði annað. Framkvæmd prófkjörsins er í höndum uppstillingarnefndar sem starfar samkvæmt verklagsreglum sem stjórn Viðreisnar setur. Þessar reglur skulu birtar áður en starf uppstillingarnefnda hefst.
7.3. Verði uppstilling fyrir valinu skal landshlutaráð skipa uppstillingarnefnd sem starfar samkvæmt reglum sem stjórn Viðreisnar setur. Uppstillingarnefnd skal bera tillögu sína að framboðslista undir landshlutaráð til samþykktar eða synjunar. Sé tillögu uppstillingarnefndar synjað af landshlutaráði ber að endurtaka uppstillingu.	7.3. Jafnt kynjahlutfall skal vera á listum Viðreisnar. Þó geta tveir einstaklingar af sama kyni verið hvor á eftir öðrum í fjórum efstu sætum.
7.4. Ef uppstillingu er ekki beitt skv. grein 7.3. til 7.4, skal fara að þeim reglum sem stjórn Viðreisnar setur um þá aðferð við val á lista. Um samþykki slíkra lista fer með sama hætti og skv. grein 7.3.	7.4. Auglýst verði eftir frambjóðendum í uppstillingarnefndir með að minnsta kosti viku fyrirvara. Í fundarboði vegna kosningar uppstillingarnefndar komi fundarefni skýrt fram í fyrirsögn.
7.5. Sérfélög innan landshlutaráðs í hverju sveitarfélagi skulu annast framboð Viðreisnar til	7.5. Formaður uppstillingarnefndar er talsmaður nefndarinnar. Nefndarmenn í

sveitarstjórnar. Sambærilegur háttur skal hafður við val á frambjóðendum til sveitarstjórna og til Alþingis, sbr. greinar 7.1 til 7.4.	uppstillingarnefndum skulu skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu.
7.6. Reglur stjórnar Viðreisnar um uppstillingarnefndir skulu að jafnaði liggja fyrir þremur mánuðum fyrir reglulegar kosningar.	7.6. Nefndarmenn í uppstillingarnefndum geta ekki skipað eitt af átta efstu sætum á neinum framboðslistum.
7.7. Staðfesting stjórnar Viðreisnar á framboðslista í heild þarf að liggja fyrir áður en hann er borinn fram í nafni flokksins.	7.7. Sækist starfsmaður flokksins eftir sæti á framboðslista, skal hann taka launalaust leyfi á meðan prófkjöri stendur.
	7.8. Uppstillingarnefnd skal bera tillögu sína að framboðslista undir landshlutaráð til samþykktar eða synjunar. Sé tillögu uppstillingarnefndar synjað af landshlutaráði ber að endurtaka uppstillingu.
	7.9. Ef prófkjöri er ekki beitt skv. grein 7.2 skal fara að þeim reglum sem stjórn Viðreisnar setur um þá aðferð við val á lista. Um samþykki slíkra lista fer með sama hætti og skv. grein 7.8.
	7.10. Sérfélög innan landshlutaráðs í hverju sveitarfélagi skulu annast framboð Viðreisnar til sveitarstjórnar. Sambærilegur háttur skal hafður við val á frambjóðendum til sveitarstjórna og til Alþingis, sbr. greinar 7.2. til 7.9.
	7.11. Staðfesting stjórnar Viðreisnar á framboðslista í heild þarf að liggja fyrir áður en hann er borinn fram í nafni flokksins.

Breyting vegna málefnaáráðs – Tillaga frá málefnaári

Lögð er til heildstæð breyting á þeim samþykktum Viðreisnar er snúa að málefnaári flokksins. Tilgangur þeirra er að efla innra starf flokksins með breytingum á málefnaári, þar sem áhersla verður lögð á að færast frá „síló-myndun“ milli málefna til þess að ræða málefni þvert á núverandi málefnaári og þar með styrkja starfsemi málefnaáráðs. *Breyting á grein 3.2:* Málefnaári tekur við hlutverki málefnaáráðs. Málefnaári tekur höndum saman í skipulagningu málefnaáráðs, til að mynda með svonefndum sprettfundum. Þetta kemur í veg fyrir „síló-myndun“ og styrkir málefnaári með samstarfi allra þeirra sem eru í forsvari málefnaáráðs. Einnig er hér skilgreint hlutverk málefnaáráðs og sett aðhaldsákvæði á ráðið. *Breyting á grein 3.3.:* Málefnaári er styrkt og áhersla lögð á að starf þess fari fram í þágu grasrótar. Til að undirstrika lýðræðislegt umboð félagsfólks er áréttning á því að allt félagsfólk geti lagt fram breytingar á ályktunum, enda sé slíkt vald ekki einvörðungu bundið málefnaári. Breyting á öðrum greinum er til samræmis.

<u>Samþykktir 28. ágúst 2021:</u>	<u>Breyting vegna málefnaáráðs:</u>
3.2. Viðreisn starfrækir málefnaáráð, sem hafa það hlutverk að leiða stefnumótun og afmörkun einstakra mála og málaflokka á landsvísi, og landshlutaráð, sem halda utan um félagsstarf flokksins, hvert í sínu kjördæmi.	3.2. Viðreisn starfrækir málefnaári , sem hefur það hlutverk að leiða stefnumótun og afmörkun einstakra mála og málaflokka á landsvísi, og landshlutaráð, sem halda utan um félagsstarf flokksins, hvert í sínu kjördæmi. Tilgangur málefnaáráðs er að halda utan um og efla grasrótarstarf, vinna úr tillögum félaga og móta ályktanir þess efnis fyrir landsþing. Málefnaári skal gæta hlutleysis við mat á mismunandi skoðunum og leita leiða við að samhæfa álit félaga.
3.3. Ályktanir skulu unnar af málefnaáráðum fyrir landsþing eftir yfirferð í málefnaári sem skal lögð til grundvallar ákvörðunum um stefnu Viðreisnar á einstökum sviðum.	3.3. Ályktanir skulu unnar af málefnaári fyrir landsþing eftir aðkomu grasrótar og allra félaga að málefnaári og skulu þær liggja til grundvallar ákvörðunum um stefnu Viðreisnar á einstökum sviðum. Öllu félagsfólki er frjálst að leggja fram eigin ályktanir eða breytingartillögur á ályktunum fyrir landsþing óháð starfi málefnaáráðs.
3.4. Málefnaári er skipað formönnum málefnaáráðs, þremur fulltrúum kjörnum á landsþingi og varaformanni flokksins, sem skal vera formaður málefnaáráðs. Málefnaári sér um samræmingu og verkaskiptingu milli málefnaáráðs og hefur yfirumsjón með málefnavinnu flokksins. Málefnaári kys sér	3.4. Málefnaári er skipað sex fulltrúum og tveim varamönnum, kjörnum á Landsþingi og varaformanni flokksins, sem skal vera formaður málefnaáráðs. Málefnaári hefur yfirumsjón með málefnavinnu flokksins. Málefnaári kys sér varaformann og ritara. Markmið málefnaáráðs er að virkja grasrót flokksins, efla innra starf og

<p>varaformann og ritara. Til að efla upplýsingastreymi og skoðanaskipti milli flokksmanna og kjörinna fulltrúa skulu fulltrúar Viðreisnar á Alþingi og í sveitarstjórnnum hitta málefna ráð reglulega og kynna þau mál, sem þeir hafa eða áforma að leggja fram.</p>	<p>hvetja til áframhaldandi stefnumótunarvinnu og ályktanagerða. Til þess skal málefna ráð setja sér starfsreglur. Þá vinnur málefna ráð starfsáætlun í samráði við grasrót.</p>
<p>3.5. Þátttaka í starfi málefna nefnda er opin öllum félögum í Viðreisn. Landsþing kýs þriggja manna stjórn til þess að stýra og bera ábyrgð á störfum hverrar málefna nefndar. Stjórn hverrar nefndar ákveður tímasetningu og dagskrá fundar í samráði við málefna ráð og kynnir með áberandi hætti fyrir félögum. Stjórn málefna ráðs setur málefna nefndum starfsreglur og skipar nýjan formann ef breyting verður milli landsþinga.</p>	<p>3.5. Þátttaka í starfi sem málefna ráð skipuleggur er opið öllum félögum í Viðreisn. Landsþing kýs þriggja manna stjórn til þess að stýra og bera ábyrgð á störfum hverrar málefna nefndar. Málefna ráð ákveður tímasetningu og dagskrá fundar og kynnir með áberandi hætti fyrir félögum. Rísi ágreiningur vegna dagskrárvalds málefna ráðs skal vísa málinu til framkvæmdarstjóra Viðreisnar. Stjórn málefna ráðs setur málefna nefndum starfsreglur og skipar nýjan formann ef breyting verður milli landsþinga.</p>
<p>4.4.7. Kosning þriggja fulltrúa í málefna ráð.</p>	<p>4.4.7. Kosning sex fulltrúa í málefna ráð auk tveggja varamanna.</p>
<p>4.4.8. Kosning um formenn málefna nefnda.</p>	<p>4.4.8. Kosning um formenn málefna nefnda.</p>
<p>4.8. Framboðsfrestur til formanns Viðreisnar, stjórnar Viðreisnar, stjórnar málefna nefnda og fulltrúa í málefna ráð er til kl. 12:00, tveimur dögum fyrir upphaf landsþings. Framboðsfrestur í embætti varaformanns rennur út klukkustund eftir að tilkynnt er um úrslit í formannskjöri.</p>	<p>4.8. Framboðsfrestur til formanns Viðreisnar, stjórnar Viðreisnar, stjórnar málefna nefnda og fulltrúa í málefna ráð er til kl. 12:00, tveimur dögum fyrir upphaf landsþings. Framboðsfrestur í embætti varaformanns rennur út klukkustund eftir að tilkynnt er um úrslit í formannskjöri.</p>
<p></p>	<p><i>(Tillaga B ef breyting vegna ritara er samþykkt):</i> 4.8. Framboðsfrestur til formanns Viðreisnar, stjórnar Viðreisnar, varaformanns, ritara, formanna málefna nefnda og fulltrúa í málefna ráð er þar til klukkustund áður en kosning hefst.</p>
<p>6.2. Í ráðgjafaráði eiga sæti stjórn Viðreisnar, varamenn stjórnar, þingflokkur, varaþingmenn, sveitastjórnarmenn og varamenn þeirra í sveitastjórnnum, stjórnir málefna nefnda, málefna ráð, stjórn Uppreisnar, stjórn öldungaráðs, stjórnir landshlutaráða, formenn félaga, laganefnd, framkvæmdastjóri flokksins og framkvæmdastjóri þingflokks. Aðrir starfsmenn flokksins hafa seturétt á ráðgjafaráðsfundum. Allir flokksfélagar sem gegnt hafa embætti formanns og varaformanns flokksins halda sæti sínu í ráðgjafaráði.</p>	<p>6.2. Í ráðgjafaráði eiga sæti stjórn Viðreisnar, varamenn stjórnar, þingflokkur, varaþingmenn, sveitastjórnarmenn og varamenn þeirra í sveitastjórnnum, stjórnir málefna nefnda, málefna ráð, stjórn Uppreisnar, stjórn öldungaráðs, stjórnir landshlutaráða, formenn félaga, laganefnd, framkvæmdastjóri flokksins og framkvæmdastjóri þingsflokks. Aðrir starfsmenn flokksins hafa seturétt á ráðgjafaráðsfundum. Allir flokksfélagar sem gegnt hafa embætti formanns og varaformanns flokksins halda sæti sínu í ráðgjafaráði.</p>

Breyting vegna málefnaáðs – Tillaga til vara frá stjórn

Stjórn leggur til að breytingartillaga málefnaáðs verði samþykkt.

Til vara er lagt til að skilgreindar verði fjórar málefnanefndir í starfi Viðreisnar, kjörnir verði formenn þeirra og saman myndi formenn, ásamt þremur fulltrúum kjörnum á landsþingi og varaformaður Viðreisnar, málefnaáð, sem sér um samræmingu og verkaskiptingu milli nefnda og hefur yfirumsjón með málefnavinnu flokksins. Fellt verði niður ákvæði um að kjósa stjórnir málefnanefnda.

<u>Samþykktir 28. ágúst 2021:</u>	<u>Breyting vegna málefnaáðs:</u>
3.2. Viðreisn starfrækir málefnanefndir, sem hafa það hlutverk að leiða stefnumótun og afmörkun einstakra mála og málaflokka á landsvísu, og landshlutaráð, sem halda utan um félagsstarf flokksins, hvert í sínu kjördæmi.	3.2. Viðreisn starfrækir fjórar málefnanefndir og eitt málefnaáð , sem hafa það hlutverk að leiða stefnumótun og afmörkun einstakra mála og málaflokka á landsvísu, og landshlutaráð, sem halda utan um félagsstarf flokksins, hvert í sínu kjördæmi. Málefnanefndir eru: 1. Mannréttinda-, velferðar- og menntanefnd; 2. Efnahags-, atvinnu- og viðskiptanefnd; 3. Umhverfis- og samgöngunefnd; 4. Utanríkis- og Evrópunefnd.
3.5. Þátttaka í starfi málefnanefnda er opin öllum félögum í Viðreisn. Landsþing kýs þriggja manna stjórn til þess að stýra og bera ábyrgð á störfum hvernar málefnanefndar. Stjórn hvernar nefndar ákveður tímasetningu og dagskrá fundar í samráði við málefnaáð og kynnt með áberandi hætti fyrir félögum. Stjórn málefnaáðs setur málefnanefndum starfsreglur og skipar nýjan formann ef breyting verður milli landsþinga.	3.5. Þátttaka í starfi málefnanefnda er opin öllum félögum í Viðreisn. Landsþing kýs formann hvernar nefndar til þess að stýra og bera ábyrgð á störfum málefnanefnda. Tímasetning og dagskrá fundar er ákveðin í samráði við málefnaáð og kynnt með áberandi hætti fyrir félögum. Stjórn málefnaáðs setur málefnanefndum starfsreglur og skipar nýjan formann ef breyting verður milli landsþinga.
4.8. Framboðsfrestur til formanns Viðreisnar, stjórnar Viðreisnar, stjórnar málefnanefnda og fulltrúa í málefnaáð er til kl. 12:00, tveimur dögum fyrir upphaf landsþings. Framboðsfrestur í embætti varaformanns rennur út klukkustund eftir að tilkynnt er um úrslit í formannskjöri.	4.8. Framboðsfrestur til formanns Viðreisnar, stjórnar Viðreisnar, stjórnar málefnanefnda og fulltrúa í málefnaáð er til kl. 12:00, tveimur dögum fyrir upphaf landsþings. Framboðsfrestur í embætti varaformanns rennur út klukkustund eftir að tilkynnt er um úrslit í formannskjöri.
	<i>(Tillaga B ef tillaga um ritara er samþykkt):</i> 4.8. Framboðsfrestur til formanns Viðreisnar, varaformanns, ritara , stjórnar Viðreisnar, stjórnar málefnanefnda og fulltrúa í málefnaáð er þar til klukkustund áður en kosning hefst.
6.2. Í ráðgjafaráði eiga sæti stjórn Viðreisnar, varamenn stjórnar, þingflokkur, varaþingmenn,	6.2. Í ráðgjafaráði eiga sæti stjórn Viðreisnar, varamenn stjórnar, þingflokkur, varaþingmenn,

Samþykktir:
Breytingartillögur fyrir landsþing Viðreisnar 2023



sveitastjórnarmenn og varamenn þeirra í sveitastjórnnum, stjórnir málefnanefnda, málefnaráð, stjórn Uppreisnar, stjórn öldungaráðs, stjórnir landshlutaráða, formenn félaga, laganefnd, framkvæmdastjóri flokksins og framkvæmdastjóri þingsflokks. Aðrir starfsmenn flokksins hafa seturétt á ráðgjafaráðsfundum. Allir flokksfélagar sem gegnt hafa embætti formanns og varaformanns flokksins halda sæti sínu í ráðgjafaráði.	sveitastjórnarmenn og varamenn þeirra í sveitastjórnnum, stjórnir málefnanefnda , málefnaráð, stjórn Uppreisnar, stjórn öldungaráðs, stjórnir landshlutaráða, formenn félaga, laganefnd, framkvæmdastjóri flokksins og framkvæmdastjóri þingsflokks. Aðrir starfsmenn flokksins hafa seturétt á ráðgjafaráðsfundum. Allir flokksfélagar sem gegnt hafa embætti formanns og varaformanns flokksins halda sæti sínu í ráðgjafaráði.
--	--

Breyting vegna félaga innan landshlutaráða – Tillaga frá stjórn

Lagt er til að undirfélög í hverju sveitarfélagi geti stofnað hverfafélög, sé áhugi fyrir slíku. Breytingin hefur ekki önnur áhrif á stofnanir flokksins. Þá er bætt við setningum að stofnun félaga, innan landshlutaráða þurfi samþykki stjórnar.

<u>Samþykktir 28. ágúst 2021:</u>	<u>Breyting vegna félaga innan landshlutaráða:</u>
3.10. Heimilt er að stofna og starfrækja félög innan landshlutaráða og skal þá hvert félag taka til minnst eins sveitarfélags. Aðeins eitt félag sömu tegundar getur starfað innan hvers sveitarfélags.	3.10 Heimilt er, með samþykki stjórnar , að stofna og starfrækja félög innan landshlutaráða og skal þá hvert félag taka minnst til eins sveitarfélags. Slíkum félögum er heimilt að stofna hverfafélög. Aðeins eitt félag sömu tegundar getur starfað innan hvers sveitarfélags.

Breyting vegna sveitarstjórnarráðs – Tillaga frá stjórn

Lögð er til sú breyting að skýrt sé hve margir skipi stjórn Sveitarstjórnarráðs og að formaður þess sé kjörinn sérstaklega.

<u>Samþykktir 28. ágúst 2021:</u>	<u>Breyting vegna sveitarstjórnarráðs:</u>
9.3. Sveitarstjórnarráð kys sér stjórn á 2ja ára fresti, mótar starfsreglur og skipuleggur störf sín.	9.3. Sveitarstjórnarráð kys sér formann og fjögurra manna stjórn á 2ja ára fresti, mótar starfsreglur og skipuleggur störf sín.

Breyting vegna ráðningar starfsfólks – Tillaga frá stjórn

Lagt er til að sett verði í samþykktir rammi um ráðningu starfsfólks flokksins, utan aðstoðarmanna formanns og ráðherra.

<u>Samþykktir 28. ágúst 2021:</u>	<u>Breyting vegna sveitarstjórnarráðs:</u>
5.6 Stjórn ræður framkvæmdastjóra og veitir honum prókúru. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk á skrifstofu Viðreisnar.	5.6 Stjórn ræður framkvæmdastjóra og veitir honum prókúru. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk á skrifstofu Viðreisnar. Ráðið sé í störf innan flokksins með auglýsingu og formlegu ferli. Undanþegnir slíku ferli eru aðstoðarmenn formanns og aðstoðarmenn ráðherra.

Breyting vegna óska Skattsins – Tillaga frá stjórn

Skatturinn óskaði eftir því að í samþykktum flokksins kæmu fram upplýsingar um heimilisfang, til hve langs tíma endurskoðendur eru kjörnir og að skýrar sé tekið fram hvað verði um fjármuni flokksins, verði félaginu slitið. Að þessar upplýsingar komi fram er forsenda þess að Viðreisn sé skráð í Stjórnmalasamtakaskrá.

<u>Samþykktir 28. ágúst 2021:</u>	<u>Breyting vegna óska Skattsins:</u>
1.1. Heiti stjórnmalasamtakanna (flokksins) er Viðreisn. Samtökin starfa á landinu öllu en heimili og varnarþing er í Reykjavík.	1.1. Heiti stjórnmalasamtakanna (flokksins) er Viðreisn. Samtökin starfa á landinu öllu en heimili og varnarþing er að Ármúla 42 , Reykjavík.
4.4.9. Kosning endurskoðanda.	4.4.9. Kosning endurskoðanda til tveggja ára .
12.1. Ákvörðun um að leggja Viðreisn niður skal tekin af tveimur landsþingum í röð og samþykkt af 2/3 hluta fundarmanna á báðum. Um ráðstöfun eigna verður farið samkvæmt samþykkt seinni fundar.	12.1. Ákvörðun um að leggja Viðreisn niður skal tekin af tveimur landsþingum í röð og samþykkt af 2/3 hluta fundarmanna á báðum. Eignum skal ráðstafað til almannaheillasamtaka samkvæmt samþykkt seinni fundar.